

Nd. 123. Frumvarp til laga [96. mál]

um útvegum stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja Búnaðarbanka Íslands óafturkræft framlag að upphæð 60 millj. kr., er skiptist milli hinna þriggja aðaldeilda bankans, byggingarsjóðs, ræktunarsjóðs og veðdeildar, þannig, að byggingarsjóður fær 25 millj., ræktunarsjóður 23 millj. og veðdeild 12 millj.

2. gr.

Fé þetta fær ríkissjóður að láni hjá seðladeild Landsbankans, og skal það endurgreiðast á 40 árum án vaxta. Til tryggingar láninu skal ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs veðsetja Landsbankanum gegn 1. veðrétti þann hluta af jarðeignum hins opinbera, sem liggur utan kaupstaða og kauptúna.

3. gr.

Nú eru jarðeignir þær, sem um ræðir í 2. gr., veðsettar fyrir lánunum, og skal þá viðkomandi lánsstofnun skylt að gefa veðrétt eftir, enda ábyrgist ríkisstjórnin fyrir

hönd ríkissjóðs lán þau, er á þeim hvíla. Séu slík lán við aðrar lánsstofnanir en Búnaðarbankann, er honum skylt að innleysa þau.

Enn fremur skal ríkissjóður ábyrgjast þau lán, er Búnaðarbankinn veitir framvegis til bygginga og ræktunar á umræddum jörðum.

4. gr.

Þeim stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, sem nú veita lán til bygginga aðeins gegn veði í fasteign, skal framvegis skylt að veita slík lán gegn ábyrgð ríkissjóðs (sbr. 2. málsg. 3. gr.) á þeim jörðum hins opinbera, sem Landsbankinn hefur fengið að veði samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessara laga.

5. gr.

Lánum þeim, er Búnaðarbankinn hefur fengið samkvæmt 1. og 8. tölul. 1. gr. laga nr. 14 1952, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951, svo og láni ræktunarsjóðs samkv. 3. tölul. 2. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl., skal breytt í óafturkræft framlag.

6. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, skulu ákveðin með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með hinum nýju lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, er Alþingi samþykkt 1946, og lögum um ræktunarsjóð frá 1947 var mörkuð stefna til meiri og öruggari framfara og tækni í þróun landbúnaðarins en nokkru sinni fyrr. Sú löggjöf, sem áður hafði verið til um þau efni, var þá mjög úrelt orðin, því að í fyrsta lagi hafði hún verið samín á tímum kreppu og fjárhagsörðugleika og í öðru lagi vegna hinnar geysimiklu röskunar, er styrjöldin hafði valdið á verðlagi öllu. Það var því orðið augljóst, að ef landbúnaðurinn átti að þróast eðlilega, varð að stórauka fjármagn það, er honum var ætlað, einkum til fjárfestingar, bæði í byggingum, ræktun og véltækni. Það var enn fremur ljóst, að leggja yrði meiri áherzlu en áður á það, að fjármagnið nýttist sem bezt til framleiðsluaukningar.

Gert var ráð fyrir tvenns konar leiðum til fjáröflunar. Í fyrsta lagi nokkru framlagi frá ríkinu til stofnsjóðsmyndunar, ásamt því tiltölulega litla fjármagni, er fyrir var, og árlegu framlagi frá ríkinu næstu 10 ár, og í öðru lagi skyldi fjár aflað með lántökum eða vaxtabréfaútgáfu.

Nú er það ljóst, að til þess að Búnaðarbankinn geti rekið starfsemi sína á fullkomlega heilbrigðan hátt og þannig gegnt hlutverki sínu, þarf hann að hafa til umráða ákveðið stofnfé, þannig að afborganir lána nægi sem næst fyrir útlánaþörfinni. Samkvæmt lögum eru vextir fyrrnefndra sjóða mjög lágir, miðað við vaxtakjör í öðrum lánsstofnunum hér á landi, og er það gert með tilliti til þess, að sem framleiðsluatvinnuvegur er landbúnaðurinn þess eðlis, að hann skilar seint arði og þarf því löng lán og vaxtalág.

Nú liggur hins vegar sú staðreynd fyrir, að sá þáttur starfseminnar að tryggja bankanum nægilegt fé hefur aldrei verið leystur til neinnar hlítar. Fyrstu árin, meðan verðlag allt var miklu lægra en nú og framkvæmdir ekki komnar í fullan gang eftir styrjöldina, bar ekki mjög á lánsfjáarskortu, þótt lánastarfsemin ykist að vísu strax, langt fram úr því, sem áður hefði verið. Fyrst í stað nægðu árleg framlög ríkissjóðs ásamt hinum upprunalegu stofnsjóðsmyndunum til að fullnægja nauðsynlegustu lánaþörf.

Fljótlega kom þó í ljós, að svo gat ekki gengið lengi. Annaðhvort varð að tryggja bankanum fjármagn á annan hátt, svo sem lögin gerðu ráð fyrir, eða kippa allri starfseminni aftur á bak og láta framkvæmd laganna að engu verða.

Með gengislækkuninni stórhækkaði verðlag og kostnaður allur, svo sem kunnugt er. Keyrði þá verulega um þverbak hvað fjárskortinn snerti, þar sem nú reyndist óhjákvæmilegt að hækka lánsupphæðir til hinna einstöku framkvæmda, og hefur það þó í sumum tilfellum a. m. k. ekki verið gert í fullu samræmi við hækkaðan kostnað.

Til þess að leysa úr þessum vandræðum hefur Alþingi samþykkt eftirtaldir lántökur handa bankanum á þessum tíma:

1. 13.75 millj. af gengishagnaði bankanna 1950.
2. 15 millj. af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.
3. 16 millj. kr. lán í alþjóðabankanum, tekið á yfirstandandi ári.

Um allar þessar fjárhæðir er það að segja, að engin þeirra hefur gert meira en að bæta úr brýnustu þörf í bili, enda yfirleitt ekki komið fyrr en sjóðirnir höfðu fengið meiri og minni bráðabirgðalán hjá sparisjóðsdeild bankans, til þess að koma í veg fyrir algera stöðvun. Og um verulegan hluta þess fjármagns, sem Búnaðarbankinn hefur fengið með lánnum þessum, gilda þau kjör, að hann þarf bæði að greiða miklu hærri vexti og endurgreiða þau á miklu styttri tíma en gildir um hans eigin útlán. Þannig er t. d. varið með það fé, sem byggingarsjóður fær að láni og þarf að greiða á 20 árum, en verður að lána út til endurgreiðslu á 42 árum. Hér má því segja, að tekið sé aftur með vinstri hendi það, sem rétt er með þeirri hægri. Á slíkum grundvelli er ekki hægt að reka heilbrigða lánastarfsemi.

Er nú svo komið enn þá einu sinni, að allar hinar þrjár stofnlánadeildir bankans eru mjög í fjárþröng. Er sýnilegt, að verði ekki bætt úr því hið bráðasta, eru mikil vandræði fyrir hendi. Að vísu hefur ríkisstjórnin nú lagt fram frumvarp um heimild til að taka 22 millj. kr. erlent lán og endurlána byggingarsjóði og ræktunarsjóði. En skýrt er fram tekið í greinargerð þess, að engin vísu sé fyrir, að það sé nokkurs staðar faánlegt. Virðist því næsta lítið á þann möguleika að treysta.

Lög þau, sem gilda um starfsemi Búnaðarbankans og einstakra deilda hans, eru nægilega viðtæk hvað heimildir til útlánastarfsemi snertir. Sé fjármagn nægilegt fyrir hendi til að framkvæma gildandi lög, getur lánastarfsemin náð til nálega allra þeirra framkvæmda, sem íslenskum landbúnaði tilheyra. Það er því aðeins útvegur fjármagnsins, sem hlýtur að verða aðalverkefnið í þessu sambandi, og á hana og hana eina þarf að leggja áherzlu enn sem komið er.

Þá skal vikið fáum orðum að einstökum atriðum frumvarpsins.

Aðalatriði 1. og 2. gr. eru þau, að ríkissjóður leggi Búnaðarbankanum óafturkræft framlag að upphæð 60 millj. kr. og fái fé þetta að láni hjá seðladeild Landsbankans gegn veði í jarðeignum ríkisins utan kaupstaða og kauptúna.

Í sambandi við þetta er rétt að taka fram, að í 8. gr. laga um ræktunarsjóð er seðladeild Landsbankans gert skylt að lána sjóðnum allt að 10 millj. kr., ef ríkisstjórnin óskar þess, og skyldi það lán greiðast með jöfnum afborgunum á 20 árum. Þetta hefur aldrei verið framkvæmt, en því er á þetta bent, að hér er um að ræða sjötta hluta þeirrar upphæðar, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Þetta ákvæði hefur verið í lögum í rúm fimm ár án þess að vera framkvæmt.

Hvað snertir ákvæði 2. gr. um að veðsetja Landsbankanum umræddan hluta af jarðeignum ríkisins, er gert ráð fyrir að fara inn á nokkuð nýja braut. Er það gert til þess, að Landsbankinn hafi örugga tryggingu fyrir þessu láni, en aftur á móti eðlilegast, að Búnaðarbankinn innleysi öll þau lán, er á þessum jarðeignum kunna að hvíla við aðrar lánsstofnanir, enda munu þau nema mjög litlum upphæðum. En framvegis yrði að veita lán til framkvæmda á a. m. k. nokkrum hluta þessara jarða, án þess að fyrsti veðréttur verði tiltækur sem trygging, og mundi þá ríkið verða að hlaupa undir bagga og ábyrgjast slík lán (sbr. ákvæði 3. og 4. gr.).

Það, sem hér er farið fram á, er því aðeins það, að ríkið noti verðgildi þess hluta eigna sinna, sem er í eðli sínu grunnundirstaða allmikils hluta landbúnaðarframléiðslunnar, til að tryggja landbúnaðinum nauðsynlegt fjármagn.

Þá er í 5. gr. gert ráð fyrir, að lánnum þeim, sem fyrr eru nefnd, af gengishagn-

aði bankanna og greiðsluafgangi ríkissjóðs, skuli breytt í óafturkræf framlög. Þetta skal rökstutt með því, að hér er um að ræða fé, sem komið hefur í hendur ríkisins vegna sérstakra ráðstafana, sem raunverulega voru gerðar í allt öðrum tilgangi en að afla ríkissjóði tekna. Gengishagnaðurinn skapaðist við það, að hrein gjaldeyris-eign bankanna, eins og hún var fyrir gengislækkunina, var seld hærra verði eftir breytinguna. Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1951 stafaði af því, að eftir að fjárlög þess árs höfðu verið samþykkt, var gerð stórbreyting á verzlunarfyrirkomulaginu, innflutningur stórauðinn fyrir erlent láns- og gjafafé, sem stórhækkaði tekjur ríkissjóðs fram yfir áætlanir. Það er því fullkomlega eðlilegt, að ríkið leggi þetta fé óafturkræft til þessara lánsstofnana, sem hafa það hlutverk að skapa grundvöll að svo nauðsynlegum fjárfestingarframkvæmdum í sveitum landsins sem hér um ræðir.

Eins og sýnt hefur verið hér fram á, er ástandið í þessum málum þannig, að úrlausn þeirra þolir ekki bið. Alþingi það, er nú situr, verður að taka þetta mál til alvarlegrar meðferðar og fullkomnari úrlausnar en svo, að það greiði aðeins úr vandræðum líðandi stundar til bráðabirgða, svo sem hingað til hefur verið gert.